

## STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2019, mánudaginn 23. september kl. 13:00 var haldinn 279. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1. Fundarmenn: Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Hildur Björnsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Guðjón Viðar Guðjónsson og Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir. Einnig sátu fundinn Bjarni Bjarnason, forstjóri og Hallur Símonarson, innri endurskoðandi. Fundarritari var Elín Smáradóttir.

### Þetta gerðist:

1. Fundargerðir SF 277 og SF 278 samþykktar og undirritaðar.
2. Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármála mætti til fundarins ásamt framkvæmdastjórunum Berglindi Rán Ólafsdóttur (ON), Erlingi Frey Guðmundssyni (GR), Gesti Péturssyni (Veitum), Hildigunni H. Thorsteinsson (Þróun) og Skúla Skúlasyni (Þjónustu) og gerðu grein fyrir fjárhagsspá fyrir árið 2020 og fimm ára spá.

Samþykkt að halda aukafund stjórnar um síma til að afgreiða fjárhagsspána þann 4. október 2019.

Ingvar Stefánsson lagði fram og kynnti svohljóðandi tillögu um uppskiptingu Orku náttúrunnar. Tillögunni fylgir greinargerð:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) samþykkir að fela forstjóra að stofna nýtt opinbert hlutafélag, sem taki við hluta af starfsemi Orku náttúrunnar (ON), enda liggja fyrir samþykki eigendafundar í samræmi við ákvæði 7.1 í sameignarsamningi eigenda.

Samþykkt samhljóða.

Klukkan 14:45 mættu Sæmundur Friðjónsson, forstöðumaður upplýsingatækni og Brynja Kolbrún Pétursdóttir, forstöðumaður fjárstýringar til fundarins og gerðu grein fyrir sviksemisvörnum og upplýsingaöryggi.

Áhættuskýrsla, dags. 13. september 2019, lögð fram.

3. Bjarni Bjarnason kynnti fyrirhugaðar skipulagsbreytingar í móðurfélagi. Umræður.
4. Lagður fram viðauki við samning Orkuveitu Reykjavíkur og innri endurskoðanda. Viðaukinn samþykktur samhljóða.
5. Klukkan 15:40 mætti Reynir Guðjónsson, öryggisstjóri til fundarins, kynnti og lagði fram til rýni ÖHV stefnu. Stefnan rýnd og samþykkt óbreytt.
6. Minnisblað um stöðu umhverfismælikvarða dags. 19. september 2019 og minnisblað um stöðu forðagæslu, dags. 19. september 2019 lögð fram.
7. Forstjóri lagði fram og kynnti skýrslu sína, dags. 19. september 2019, um starfsemina á milli stjórnarfunda. Umræður.

Fleira gerðist ekki.

**Fundi slitið kl. 16:20.**

Brynhildur Davíðsdóttir

Gylfi Magnússon  
Hildur Björnsdóttir  
Guðjón Viðar Guðjónsson

Eyþór Laxdal Arnalds  
Sigríður Rut Júlíusdóttir  
Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir.